



**Viðtakandi** Allsherjar- og menntamálanefnd **Dagsetning** 25. janúar 2024  
**Sendandi** Menningar- og viðskiptaráðuneyti **Málsnúmer** MVF24010225

## Minnisblað til allsherjar- og menntamálanefndar um afstöðu menningar- og viðskiptaráðuneytis vegna umsagna sem bárust nefndinni um 486. mál - kvikmyndalög (framleiðslustyrkur til lokafjármögnunar o.fl.)

Með tölvupósti 18. janúar sl. var óskað eftir afstöðu menningar- og viðskiptaráðuneytis til umsagna um 486. mál, kvikmyndalög (framleiðslustyrkur til lokafjármögnunar o.fl.) Málið er endurflutt, 899. mál á 153. þingi.

Þrjár umsagnir bárust; tvær frá Kvikmyndasafni Íslands og ein frá Sambandi íslenskra kvikmyndaframleiðenda (SÍK).

Kvikmyndasafn Íslands ítrekar fyrri umsögn safnsins vegna 899. máls á 153. löggjafarþingi þar sem óskað var eftir því að lokastyrkur verkefna sem studd eru af Kvikmyndamiðstöð Íslands yrði bundinn við skil á styrktri kvikmynd til Kvikmyndasafns Íslands. Safnið bendir á að engin viðurlög séu við því að framleiðendur skili ekki efnis til safnsins. Safnið hafi gert samning við Kvikmyndamiðstöð Íslands um að lokastyrkur sé ekki afhentur framleiðendum fyrr en mynd hefur verið skilað til safnsins. Frá því samningurinn var gerður hafa allar styrktar myndir skilað sér til safnsins. Samningurinn sé þó ekki lögbundinn og því hætta að mati forstöðumanns safnsins að ekki verði farið eftir honum í framtíðinni. Forstöðumaður safnsins bendir einnig á að gjaldskrá safnsins standi ekki undir stafvæðingu safnkostsins.

Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda (SÍK) fagnar frumvarpinu en ítrekar að nýjum styrkjaflokki fylgi fjárframlög. SÍK telur mikilvægt að tryggja heimild til hækkunar á fjárlögum til Kvikmyndasjóðs til þess að nýr styrkjaflokkur teljist raunhæfur. Að óbreyttu gangi nýr styrkjaflokkur á önnur verkefni innan sjóðsins.

### Afstaða menningar- og viðskiptaráðuneytis.

Kvikmyndamiðstöð Íslands starfar samkvæmt kvikmyndalögum nr. 137/2001 og hefur skv. 1. mgr. 3. gr. laganna umsjón með rekstri og starfsemi Kvikmyndasjóðs. Óskað var eftir afstöðu Kvikmyndamiðstöðvar Íslands við umsögn Kvikmyndasafns Íslands m.tp. dags. 19. janúar og barst umsögnin 24. janúar. Þar kemur fram að hjá miðstöðinni sé fullur stuðningur við að uppfylla í daglegum störfum sínum markmið sem sett eru fram í kvikmyndalögum á sviði framleiðslu kvikmynda, kvikmyndamenningar sem og varðveislu kvikmynda. Miðstöðin bendir á að fyrir tilkomu áður nefnds samnings sem safnið vísar til hafi skilakröfur efnis til miðstöðvar og safns verið ólíkar. Í kjölfarið hafi skilakröfur beggja stofnana verið samræmdar og hluti uppgjors styrkveitingar fer einvörðungu fram hafi verki verið skilað til safnsins sem staðfestir skil við miðstöðina. Því er efnahagslegur hvati til staðar fyrir framleiðendur og/eða kvikmyndagerðarmenn að uppfylla þær kröfur, því lokagreiðsla fæst ekki af framleiðslustyrk Kvikmyndamiðstöðvar fyrr en að þeim skilum loknum. Miðstöðin bendir einnig á að í kvikmyndalögum sé almennur rammi, þar sem ekki sé vísað til styrkjaflokka, úthlutunarreglna eða framkvæmdar styrkveitingar. Slík atriði eru útfærð í reglugerð og svo í úthlutunarsamningum miðstöðvarinnar við styrkþega. Ráðuneytið telur, að höfðu samráði við miðstöðina, að ekki sé endilega þörf á því að setja skilyrði um skil til safnsins inn í lög. Einnig er vert að benda á að í lögum um skylduskil til safna nr. 20/2002 fjallar 11. gr. laganna

um kvikmyndir og í 10. mgr. segir að skilaskylda íslenskrar kvikmyndar hvíli á framleiðanda hennar og skilaskylda erlendra kvikmyndar hvíli á dreifingaraðila hér á landi.

Fjárveitingar til Kvikmyndasjóðs birtast í fjárlögum ár hvert. Fjárframlögum úr Kvikmyndasjóði er nú þegar skipt eftir tegundum verkefna (t.a.m. leikinna kvikmynda í fullri lengd, stuttmyndagerðar, heimildamyndagerðar og leikins sjónvarpsefnis). Nýi styrkjaflokkurinn bætist við áðurnefnda flokkun og verður fjármagnaður í samræmi við skiptingu sem ákvörðuð er af forstöðumanni í samráði við ráðuneytið og kvikmyndaráð. Þegar verkefni sem hefur fengið framleiðslustyrk til lokafjármögnunar nær ákveðnum fyrirframtilgreindum hagnaðarmörkum munu endurgreiðslur hagnaðar (styrkfjárhæðin) renna óskiptar í Kvikmyndasjóð og þar með efla sjóðinn. Ef ákvæði frumvarpsins verða óbreytt að lögum þarf að gera breytingar á reglugerð um Kvikmyndasjóð, nr. 229/2003, þar sem bætt yrði við reglugerðina kafla með útfærslu á nýjum styrkjaflokki, meðal annars um skilyrði sem verkefni þurfa að uppfylla til að vera styrkhæf, reglur um endurheimt styrkjanna og tekjuviðmið og fleiri tengd atriði. Drög að breytingu á reglugerðinni liggja fyrir og voru kynnt í Samráðsgátt samhliða frumvarpinu.